

Nd.

437. Breytingartillaga

[209. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

Frá Albert Guðmundssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

27. tl. 3. gr. laganna orðist svo:

Að lækka eða fella niður gjöld af fólksbifreiðum fyrir bæklað fólk eða lamað, svo og fólk með lungnasjúkdóma, hjartasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma, allt á svo háu stigi að það á erfitt með að fara ferða sinna án farartækis.

Lækkun gjalda af hverri bifreið má nema allt að 12 000 krónum og heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi allt að 24 000 krónum.

Þó skal heimilt að lækka gjöld af bifreiðum um allt að 24 000 krónum fyrir þá sem mestir eru öryrkjar, en geta þó ekið sjálfir sérstaklega útbúinni bifreið. Heildarlækkun að meðtöldu innflutningsgjaldi má nema allt að 48 000 krónum af hverri bifreið samkvæmt þessari málsgrein.

Fjármálaráðherra er heimilt að breyta fjárhæðum skv. 2. og 3. málsgr. til samræmis við þróun framfærsluvisitölu og vegna breytinga sem kunna að verða á aðflutningsgjöldum af bifreiðum.

Öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf gjalda af bifreið samkvæmt ákvæðum þessarar heimildar, getur sótt um eftirgjöf að nýju að fjórum árum liðnum talið frá tollafgreiðsludegi bifreiðar vegna eldri eftirgjafar. Þó getur öryrki, sem fengið hefur eftirgjöf skv. 3. málsgr., sótt um eftirgjöf að nýju að þremur árum liðnum.

Aðilar, sem njóta tollivilnunar skv. 41. tl. 3. gr., geta notið hálftrar ívilnunar skv. 2. málsgr.

Fjármálaráðherra skipar fimm manna nefnd er úrskurðar umsóknir og gerir tillögur um eftirgjöf gjalda af ofangreindum bifreiðum. Skulu fjórir nefndarmenn vera læknar og skipaðir samkvæmt tilnefningu Öryrkjabandalags Íslands, en sá fimmti skipaður án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar.

Enn fremur skal fella niður fyrir framangreint fólk gjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi, svo og af áhöldum og hjálpartækjum, sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa þess og henta ekki öðru fólki.